



**Rey Cup - Alþjóðleg knattspyrnuhátíð í Reykjavík –20-24. Júlí 2022**

## **Mótsupplýsingar 2022**

- Dagskrá Rey Cup 2022
- Almennar upplýsingar
- Mótsreglur
- Símanúmer lykilaðila
- Reglur á gistaðstað
- Rey Cup - liðsmyndataka
- Kort af mótssvæðinu

**Miðvikudagur 20. júlí**

08:00-18:00 Rey Cup leikir í riðlum  
17:00-18:30 Koma keppnisliða í skólagistingu  
18:15-19:45 Opnunarhátíð og sknúðganga Rey Cup  
20:00-22:00 Keppnislið koma sér fyrir í skóla gistingu.  
21:00-22:00 Fundur með þjálfurum og fararstjórum í Þróttaraheimilinu Fulltrúum keppnisliða afhentar upplýsingar/armbönd og bolir

**Fimmtudagur 21. júlí**

07:00-08:30 Morgunverður í skólum  
08:00-19:00 Rey Cup leikir í riðlum  
11:30-13:30 Hádegisverður á Hilton Reykjavík Nordica  
17:30-20:00 Kvöldmatur á Hilton Reykjavík Nordica  
20:00-21:30 Sundlaugarpartý í Laugardalslaug

**Föstudagur 22. júlí**

07:00-08:30 Morgunverður í skólum  
08:00-19:00 Rey Cup leikir í riðlum  
11:30-13:30 Hádegisverður á Hilton Reykjavík Nordica  
12:00-16:00 Afmælishátíð fyrir framan Þrótt  
17:30-20:00 Kvöldmatur á Hilton Reykjavík Nordica  
20:30-23:00 Ball á Hilton

**Wednesday July 20<sup>th</sup>**

10:00 - 18:00 Rey Cup matches – Group stage (teams from Reykjavík)  
18:15 – 19:45 Opening Ceremony  
20:00-22:00 Arrival of competing teams at their accommodations  
21:00 – 22:00 Meeting for coaches and group leaders at Rey Cup info center

**Thursday July 21<sup>th</sup>**

07:00 – 8:30 Breakfast served at the schools  
08:00 - 19:00 Rey Cup matches – Group stage  
11:30 – 13:30 Lunch at Hilton Reykjavík Nordica  
17:30 – 20:00 Dinner at Hilton Reykjavík Nordica  
20:00 – 21:30 Swimming pool party at Laugardalslaug

**Friday July 22<sup>th</sup>**

07:00 – 8:30 Breakfast served at the schools  
08:00 - 19:00 Rey Cup matches – Group stage  
11:30 – 13:30 Lunch at Hilton Reykjavík Nordica  
12:00 – 16:00 Birthday Celebration outside Þróttur Clubhouse  
17:30 – 20:00 Dinner at Hilton Reykjavík Nordica  
20:30 – 23:00 Final party and disco at Hilton Reykjavík



<p><b>Laugardagur 23. júlí</b> 07:00-08:30 Morgunverður í skólum 08:00-19:00 Riðlakeppni og undanúrslit 11:30–13:30 Hádegisverður á Hilton Reykjavík Nordica 19:00-20:30 Grillveisla í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum</p> <p><b>Sunnudagur 24. júlí</b> 07:00-09:00 Morgunverður í skólum 08:00-15:00 Úrslitaleikir 08:00-13:00 Gistilið – frágangur gistirýmis og skólum lokað</p> <p>Dagskrá gæti tekið breytingum, þeim verður komið á framfæri á heimasíðu og facebook síðu mótsins.</p>	<p><b>Saturday July 23<sup>th</sup></b> 07:00 – 8:30 Breakfast served at the schools 08:00 19:00 Rey Cup matches – Group stage and quarter finals 11:30 – 13:30 Lunch at Hilton Reykjavík Nordica 19:00 – 20:30 BBQ in the Family Park</p> <p><b>Sunday July 24<sup>th</sup></b> 07:00 – 8:30 Breakfast served at the schools 08:00 – 15:00 Finals</p> <p>Subject to change. All changes will be announced on the Rey Cup web- and Facebook sites.</p>
--	--



## Rey Cup - Alþjóðleg knattspyrnuhátíð í Reykjavík – 20-24. Júlí 2022

### ALMENNAR UPPLÝSINGAR

#### Opnunarhátíð Rey Cup

Opnunarhátíðin fer fram á miðvikudaginn 20. Júlí kl. 18:15-20:00. Skrúðganga hefst frá Laugardalshöll kl. 18:30 og heldur niður í laugardal og síðar inn á aðalvöll Þróttar. Þar er Rey Cup 2021 sett ásamt ágætum ræðumönnum. Einnig mun Emmsjé Gauti koma fram og taka nokkur góð lög.

#### Upplýsingamiðstöð Rey Cup

Upplýsingamiðstöð Rey Cup er staðsett í Þróttaraheimilinu við Engjaveg á meðan á knattspyrnu hátíðinni stendur. Þar er hægt að fá upplýsingar um hátíðina og alla viðburði sem henni tengjast. Á sama stað er hægt að fá upplýsingar um strætisvagnaleiðir, sundstaði, veitingastaði, ýmsar uppákomur í Reykjavík og fleira. Hægt er að hringja í miðstöðina á meðan á Rey Cup stendur á opnunartíma miðstöðvarinnar frá kl. 8:00 til 19:00 fimmtudag til laugardags og á sunnudag frá kl. 9:00 til 16:00. Símanúmer Upplýsingamiðstöðvarinnar má sjá í símaskránni.

#### Fundur með fararstjórum og þjálfurum

Fundur verður með fararstjórum og þjálfurum liðanna miðvikudaginn 20. júlí kl. 21:00 í Rey Cup miðstöðinni. Þar verður farið yfir helstu liði knattspyrnu hátíðarinnar og upplýsingamöppur, armbönd og bolir afhent.

#### Armbönd

Mikilvægt er að þátttakendur týni ekki armböndum Rey Cup þar sem þau veita aðgang að morgunmat, kvöldmat, grilli, Fjölskyldu- og húsdýragarðinum, Laugardalslaug og ballinu á Hilton. Mismunandi litir eru á armböndum eftir því hvort lið gista, eru í hádegismat o.s.frv. Hverju liði fylgja 2 hálsbönd fyrir liðstjóra liðsins og er mikilvægt að sá liðsstjóri sem fylgir liðinu hverju sinni, sé með hálsbandið með sér.



Til að komast í mat á Hilton og á ballið verður að sýna armband. Engar undantekningar eru á þessu.

Armböndin eru einnig aðgangur inn í skólana.

Slitið armband er ógilt armband, ef armband slitnar þarf fararstjóri eða þjálfari að koma með það ásamt þátttakanda og fá nýtt.

## Rey Cup - Alþjóðleg knattspyrnuhátið í Reykjavík – 20-24. Júlí 2022

### Aðstaða fyrir þjálfara og fararstjóra

Aðstaða fyrir þjálfara og fararstjóra er inn í félagsheimili þróttar, samkomusalnum. Hægt verður að spjalla í ró og næði við starfsfélagana.

### Slysavakt

Slysavakt verður í Rey Cup miðstöðinni meðan á leikjum stendur.

### Gisting

Þátttakendur á Rey Cup gista í Laugalækjarskóla, Langholtsskóla, Laugardalshöll, Laugarnesskóla, Vogaskóla, Hof og Álftamýraskóla sem eru í göngufæri frá mótssvæðinu í Laugardal.

**Fararstjóri / þjálfari skal gista með öllum liðum.**

### Morgunverður

Morgunverður verður framreiddur í skólum þar sem þátttökuliðin gista. Morgunverðurinn verður kl. 7:00 til 8:30 frá fimmtudegi til laugardags en kl. 7:00 til kl. 9:00 á Sunnudag.

### Hádegismatur og kvöldmatur á Hilton Reykjavík Nordica

Hádegismatur og kvöldmatur fyrir þau lið sem pöntuðu mat er á Hilton Reykjavík Nordica.

### Búnings- og baðaðstaða

Gert er ráð fyrir að þátttakendur noti baðaðstöðuna í Laugardalslaug.

### Sundlaugarpartý

Sundlaugarpartý verður í Laugardalslaug fimmtudaginn 25. júlí kl. 20:00 til 21:30 fyrir þátttakendur á Rey Cup, DJ Dóra Júlía spilar.

### Streymi frá mótinu

Öllum leikjum á aðalvelli Þróttar og Laugardalsvelli frá fimmtudeginum 23. júlí verður streymt beint í samstarfi við Netheim. Linkur á steymið er <https://www.netheimur.is/throttara-streymi/>



### **Stórdansleikur – föstudagskvöld**

Rey Cup ballið verður haldið föstudaginn 25. júlí á Hilton Reykjavík Nordica. Ballið hefst kl. 20:30 og stendur til kl. 23.00. DJ Lil Curly og Emmsjé Gauti munu spila á ballinu.

### **BBQ grill veisla**

BBQ veislan er haldin í fjölskyldu og húsdýragarðinum í Laugardalnum. Hún byrjar kl. 19.00-20:30 og er fyrir alla þátttakendur. DJ Dóra Júlía heldur uppi stuðinu.

### **Úrslitaleikir**

Úrslitaleikir A-liða verða spilaðir á Laugardalsvelli. Aðrir úrslitaleikir fara fram á aðalvelli Þróttar og á völlum í kring (sjá leikjaplan).

### **Sund**

Frítt er í Laugardalslaug fyrir þátttakendur Rey Cup á meðan á knattspyrnu hátíðinni stendur. Sundlaugin er opin virka daga kl. 6:30 til 22:00 og um helgar 8:00 til 22:00.

### **Veitingasala**

Veitingasala verður á nokkrum stöðum á svæðinu, á Valbjarnarvelli, Suðurlandsbraut, TBR vellinum og á aðalvelli Þróttar. Einnig verður veitingasala á Víkingsvellinum.

### **Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn**

Þátttakendur fá frían aðgang í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn á meðan á knattspyrnu hátíðinni stendur en þurfa sjálfir að borga í tækin. Sýna þarf armbönd. Opnunartími garðsins er alla daga frá kl. 10:00 til kl. 18:00.

### **Myndataka**

Teknar verða myndir af öllum liðum á hátíðinni og er gert ráð fyrir myndatöku að loknum fyrsta leik. Myndataka fer fram í hvíta tjaldinu á aðalvelli Þróttar.

### **Tapað - fundið**

Hægt verður að vitja týndra hluta í Rey Cup miðstöðinni. Engin ábyrgð er tekin á peningum eða öðrum verðmætum.

### **Rey Cup bolir**

Afhentir á þjálfara-/ fararstjórafundir á miðvikudagskvöldinu 21. Júlí kl.21:00.

### **Ýmsar upplýsingar**

Upplýsingar um úrslit, fréttir, myndir o.fl. eru settar á [www.reycup.is](http://www.reycup.is) og [facebook.com/reycupiceland](https://facebook.com/reycupiceland)

**Liðsstjórar og þjálfarar eru beðnir um að hvetja sitt fólk til að sýna kurteisi, tillitssemi og góða umgengni innan vallar sem utan.**



## Rey Cup - Alþjóðleg knattspyrnuhátíð í Reykjavík – 20-24. Júlí 2022

### Mótsreglur

#### 1. Leikreglur

Leikið er í samræmi við reglur FIFA og þar sem við á í samræmi við leikreglur Knattspyrnusambands Íslands.

#### 2. Keppnisfyrirkomulag

Liðin verð dregin í 3ja til 6 liða riðla eftir fjölda þátttökuliða í hverjum flokki. Liðin í riðlunum leika hvert við annað. Staða í riðlunum ræðst af fjölda stiga sem hvert lið hefur áunnið sér eins og hér segir: 3 stig fyrir sigur

1 stig fyrir jafntefli

0 stig fyrir tap

Ef tvö eða fleiri lið hafa sama stigafjölda, verður lokastaðan ákveðin með eftirfarandi hætti: a.

Markamismunur

- b. Flest skoruð mörk
- c. Innbyrðis viðureignir
- d. Ef niðurstaða fæst ekki með þessum hætti ræður hlutkesti.

Leikjaniðurröðun er til viðmiðunar. Þjálfarar verða að fylgjast með því í Capelli Sport Rey Cup miðstöðinni hvort breytingar hafa orðið á leikjaniðurröðun.

Efsta lið í hverjum riðli leikur til úrslita.

Ef jafnt er eftir venjulegan leiktíma í úrslitaleikjum, fer fram vítaspyrnukeppni, 3 víti á lið og síðan bráðabani, í samræmi við reglur FIFA.



### 3. Flokkaskipting

Rey Cup fylgir alþjóðlegri flokkaskiptingu sem felur í sér að hver árgangur myndar lið, t.a.m. allir fæddir árið 2002 eru saman í liði og kallast flokkurinn U16. Rey Cup gerir þó undantekningu á þessu og heimilar að lið fylgi íslenskri flokkaskiptingu, þ.e. 13 og 14 ára teljast í 4. flokki og 15 og 16 ára í 3ja flokki. Umsóknum um lið þar sem flokkaskipting er ekki sú sama og hjá KSÍ svarar mótstjórn sérstaklega. Aldrei skulu þó fleiri en þrír leikmenn úr næsta flokki þar fyrir ofan leika hverju sinni. Lið sem samþykkt hefur verið til keppni af mótstjórn telst löglegt.

### 4. Leiktími

2 x 25 mínútur, nema annað sé ákveðið og tilkynnt fyrirfram. Leikhlé er 5 mín.

### 5. Fjöldi leikmanna

Hverju liði er heimilt að nota ótakmarkaðan fjölda leikmanna, sem leyfir leikmanni að koma inn á aftur eftir út af skiptingu. Innáskiptingar fara fram við miðlínu eftir að dómara hefur verið gert viðvart og hann hefur gefið leyfi. Leikmaður má aðeins spila með því liði sem hann er skráður í áður en mótið hefst.

### 6. Leikir

- a. Áður en mótið hefst skal mótstjórn fá í hendur nafnalista liðanna með kennitölu. Tilgreina þarf hvaða leikmenn skipa viðkomandi lið. Mótstjórn getur leyft breytingar á leikskýrslu sé þess óskað af forsvarsmönnum liðsins.
- b. Skylda er að nota legghlífar.
- c. Óheimilt er að leika í skóm með skrúfuðum tökkum.

### 7. Lið mætir ekki til leiks

Lið sem ekki mætir til leiks telst hafa tapað leiknum 3:0. Lið sem ekki mætir til leiks í tveimur leikjum mun, nema mótstjórn ákveði annað, vera vísað úr keppninni og öll úrslit þess þurrkuð út af stigatöflu.

### 8. Leikvellir

Leikið er á grasvöllum og gervigrasi.

### 9. Dómarar

Dómarar eru valdir af mótstjórn Rey Cup. Hvern leik dæma tveir dómarar. Úrslitaleiki dæmir einn dómari ásamt tveimur aðstoðar dómurum.





#### **10. Mótsstjórn**

Mótsstjórn er skipuð af stjórn Rey Cup.

#### **11. Úrskurðarnefnd**

Úrskurðarnefnd er skipuð af mótsstjórn og hefur það hlutverk að fjalla um álitafni sem vísað er til hennar og varða kappleiki.

#### **12. Mótmæli og kærur**

Skrifleg mótmæli skal leggja fram við úrskurðarnefnd í Rey Cup miðstöðinni innan einnar klukkustundar frá því að leik lauk. Úrskurðað er um mótmæli og/eða kærur af úrskurðarnefnd og viðurlög ákveðin. Ákvörðun hennar verður ekki áfrýjað. Leikmanni sem vísað er af leikvelli er óheimilt að taka þátt í næsta leik á eftir. Tvö gul spjöld eða rautt spjald þýða sjálfkrafa bann í næsta leik.

#### **13. Verðlaun**

Sigurveggarar fá Rey Cup bikarinn og hver leikmaður í úrslitaleik verðlaunapening. Áhersla verður lögð á þrúðmannlegan leik og jákvæð viðhorf meðan á mótinu stendur.



## Símaskrá Rey Cup 2022

<b>Mótstjórn</b>		
Gunnhildur Ásmundsdóttir	Framkvæmdastjóri	8208757
Stefán Skúlason	Kappleikjanefnd	620 2214
	Dómaramál	8938671
	Slysavakt	620 2293
Þórunn Anna	Upplýsingamiðstöð	6202292
Anney Þórunn Þorvaldsdóttir	Gisting/morgunmatur	8477575
Brynhildur Pétursdóttir	Veitingasala	8255075
<b>Vellir</b>		
TBR – Veitingasala		620 2217
Suðurlandsbraut - Veitingasala		620 2219
Valbjarnarvöllur - Veitingasala		620 2291
Þróttara Stúkan - Veitingasala		620 2294
Víkingsheimilið- Veitingasala		
<b>Skólar</b>		
Laugalækjarskóli		620 2218
Langholtsskóli / Hof		620 2215
Laugarnesskóli		620 2210
Laugardalshöll		620 2212
Vogaskóli		6202211
Álftamýrarskóli		6202213



## Rey Cup - Alþjóðleg knattspyrnuhátið í Reykjavík – 20-24. Júlí 2022

**Nauðsynlegt er að bera þátttöku armböndin um úlnliðinn alla þá daga sem hátíðin stendur yfir til sönnunnar því að þið séuð þátttakendur í mótinu.**

### Reglur á gistað

**Ganga þarf frá stofum og tæma skóla fyrir kl. 13:00 á Sunnudag.**

- Fararstjóri skal gista með öllum liðum.
- Gangið hljóðlega um skólann og takið tillit til annarra.
- Eftir kl. 23:00 á kvöldin má ekki vera með hávaða.
- Gangið vel um skólann og hendið rusli í ruslatunnur.
- Farið ekki í fótboltaskóm eða öðrum útiskóm inn í skólann.
- Áfengisneysla og reykingar þ.m.t. rafrettur eru stranglega bannaðar.
- Allir boltaleikir eru bannaðir í skólanum.
- Áður en farið er heim á sunnudag á að sópa gólfín í stofunni og skilja snyrtilega við skólann.
- Þegar stofa er yfirgefin á hún að vera læst og gluggar lokaðir.
- Engin ábyrgð er tekin á peningum eða öðrum verðmætum.
- Ef vandamál koma upp vinsamlegast hafið samband við starfsfólk Rey Cup.
- Sýnum gott fordæmi og hjálpumst að við að skapa gott andrúmsloft þar sem öllum líður vel!



## **Rey Cup - Alþjóðleg knattspyrnuhátíð í Reykjavík – 20-24. Júlí 2022**

### **Rey Cup 2021 - Liðsmýndataka**

Liðsmýndatökur fara fram í hvíta tjaldinu fyrir framan Þróttaraheimilið. Tjaldið er staðsett við hliðina á grasvellingnum við Þróttaraheimilið.

Myndatakan fer fram á fimmtudag og föstudag og eru liðin beðin um að mæta eftir fyrsta leik. Myndataka verður frá kl. 09:00 til 18:00.

Liðsmýndirnar verða til sýnis í hvíta tjaldinu hjá Þróttara Vellinum á laugardaginn/sunnudag og þar gefst keppendum tækifæri á að panta myndir.

# Football&Fun ReyCup

Rey Cup - Alþjóðleg knattspyrnuhátíð í Reykjavík – 20-24. Júlí 2022

**Football&Fun ReyCup 2022**

**International Football and Fun Festival**  
REYKJAVÍK, ICELAND

## LAUGARDALURINN

**Playing fields:**

- **A** National Stadium Laugardalsvöllur
- **B** Throttur Stadium Artificial grass
- **C1-A** Valbjarnarvöllur
- **C1-B** Valbjarnarvöllur
- **C1-C** Valbjarnarvöllur
- **C2** Prihyrningur
- **C3** Suðurlandsbraut
- **C4** TBR völlur
- **C5** FRÍ völlur
- **C6** Víkingsvöllur
- **C7** Víkingsvöllur
- **C8** Víkingsvöllur

**Accommodation, breakfast lunch and dinner:**

- Laugalækjarskóli
- Laugarnesskóli
- Langholtsskóli
- Hilton-Nordica Lunch, dinner, party

**Entertainment:**

- Rey Cup Centre Þróttur
- Thermal Pool Laugardalslaug
- Family Park Fjölskyldugarðurinn
- Domestic Animal Park Húsdýragarðurinn
- Botanical Gardens Grasagarðurinn
- ▼ Laugardalshöll

**Other locations:** VOGASKÓLI, VÍKINGSVELLIR, LANGHOLTSSKÓLI, BOTANICAL GARDENS, DOMESTIC ANIMAL PARK, PRIHYRNINGUR, VALBJARNARVÖLLUR, REY CUP CENTRE, ÞROTARVÖLLUR, LAUGARDALSHÖLL, LAUGARDALSVÖLLUR, LAUGALÆKJARSKÓLI, LAUGARNESSKÓLI, HILTON NORDICA 250 m, ALFTAMYRARSKÓLI 1500 m, SUÐURLANDSBRAUT, THERMAL POOL, LAUGARNESSKÓLI.